

Tilnefning til Íslensku lýðheilsuverðlaunanna 2007

Þann 24. apríl nk. mun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra veita Íslensku lýðheilsuverðlaunin í fyrsta skipti. Verðlaununum er ætlað að styðja framtak stofnana, félagasamtaka eða fyrirtækja til að bæta heilsu landsmanna. Óskað er eftir tilnefningum til verðlaunanna.

Hverja er hægt að tilnefna?

Hægt er að tilnefna stofnanir, félagasamtök eða fyrirtæki sem hafa lagt sig fram um að stuðla að bættu heilsufari landsmanna, eða einstakra þjóðfélagshópa, umfram lög- bundið hlutverk eða markmið.

Hverjir geta tilnefnt?

Fyrirtæki, stofnanir, félagasamtök og einstaklingar geta sent inn tilnefningar en hver og einn getur aðeins sent inn eina tilnefningu.

Hvernig skal staðið að tilnefningum?

Óskað er eftir tilnefningum ásamt greinargóðum rök- stuðningi um hvers vegna viðkomandi stofnun, félaga- samtök eða fyrirtæki verðskuldi verðlaunin. Í rökstuð- ningi þarf að koma fram með hvaða hætti sá sem tilnefndur er hefur stuðlað að bættri lýðheilsu s.s. með aukinni hreyfingu, bættu mataræði, eflingu geðheilbrigðis, reykleysi, áfengis- og vímuefnavörnum eða öðrum þáttum sem hafa áhrif á lífsstíl og heilsu landsmanna.

Eyðublöð

Eyðublöð fyrir tilnefningar má nálgast á heimasíðu heil- brigðis- og tryggingamálaráðuneytisins www.heilbrigdisraduneyti.is eða í afgreiðslu ráðuneytisins í Vegmúla 3. Tilnefningar á rafrænu formi skal senda á postur@htr.stjr.is, en annars ber að skila þeim í afgreiðslu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Frestur til að senda inn tilnefningar er til 11. apríl 2007



Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið

Vegmúla 3 - 150 Reykjavík - Sími 545 8700